

27. fundur veitustjórnar haldinn mánudaginn 22. mars 2021 í ráðhúsinu á Flúðum og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu: Aðalsteinn Þorgeirsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn, Bogi Pétur Eiríksson sem varamaður Sigurðar Sigurjónssonar, Elsa Ingjaldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð. Dagskrá fundarins breytist þannig að liðir 5 og 6 eru til kynningar þar sem fundargögn bárust ekki í tíma. Gengið var til dagskrár:

1. Ársreikningur Hitaveitu Flúða 2020.

Fyrir liggur ársreikningur Hitaveitu Flúða fyrir árið 2020. Jón fór yfir helstu kennitölur reikningsins. Rekstrartekjur ársins eru kr. 76.669.451. Rekstrargjöld ársins eru kr. 65.622.168 og þar af afskriftir kr. 10.635.009. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru samtals neikvæð um kr. 2.544.477. Hagnaður ársins eftir skatta er kr. 5.305.751. Fjárfesting ársins var rúmar 47,6 millj. Eftir yfirferð, umræður og spurningar var reikningurinn samþykktur samhljóða og undirritaður.

2. Ársreikningur Hrunaljóss 2020.

Fyrir liggur ársreikningur Hrunaljóss fyrir árið 2020. Jón fór yfir helstu kennitölur reikningsins. Rekstrartekjur ársins eru kr. 6.828.998. Rekstrargjöld ársins eru kr. 5.790.116 og þar af afskriftir kr. 3.800.174. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru samtals neikvæð um kr. 7.056.464. Tap ársins er kr. 6.017.582. Fjárfesting ársins voru nettó rúmar 7,2 millj. Eftir yfirferð, umræður og spurningar var reikningurinn samþykktur samhljóða og undirritaður.

3. Yfirlit yfir rekstrarniðurstöðu vatnsveitu 2020.

Fyrir liggur niðurstaða ársreiknings og yfirlit úr aðalbók vegna reksturs vatnsveitu Hrunamannahrepps fyrir árið 2020. Jón fór yfir helstu kennitölur reksturs vatnsveitunnar á árinu.

4. Yfirlit yfir rekstrarniðurstöðu fráveitu 2020.

Fyrir liggur niðurstaða ársreiknings og yfirlit úr aðalbók vegna reksturs fráveitu Hrunamannahrepps fyrir árið 2020. Jón fór yfir helstu kennitölur reksturs fráveitunnar á árinu.

5. Útboðsgögn vegna lagningar á hitaveitu frá Kópsvatnsholu að Flúðum-til kynningar.

Hannibal fór yfir framkvæmdina og hugmyndir að útfærslum en tillaga hans er að verkinu verði áfangaskipt þannig að verklok verði sumarið 2022.

6. Útboðsgögn vegna Vatnstanks í Berghylsfjalli-til kynningar.

Hannibal fór yfir vinnu við hönnun útboðsgagna fyrir vatnstank í Berghylsfjalli og tilhögun verksins en EFLA er að klára útboðsgögn.

7. Lántaka Hitaveitu Flúða.

Lagður var fram lánasamningur milli Lánasjóðs sveitarfélaga og Hitaveitu Flúða að fjárhæð kr. 60.000.000 til 19 ára þar sem Hrunamannahreppur er ábyrgðaraðili. Um er að ræða lántöku sem uppfyllir græna umgjörð lánasjóðsins. Veitustjórn samþykkir lántökuna og felur veitustjóra og sveitarstjóra að undirrita öll nauðsynleg skjöl vegna lántökkunnar.

8. Vatnsframkvæmdir í Auðsholti og Sandlækjarholti

Hannibal fór yfir fyrirhugaðar framkvæmdir í vatnsveitu í Auðsholti og Sandlækjarholti.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 17:45.

Næsti fundur fyrirhugaður 31. mars n.k.